

**Nr. 17-052 S 035 Jóhanna ÁR 206****Ásigling í höfn**

Skipaskr.nr. 1043  
Útgerð: Hafnarnes VER hr.  
Smíðaður: Garðabær 1967, stál  
Stærð: 149,6 brl. 212 bt.  
Mesta lengd: 31,54 m Skráð lengd: 28,03 m  
Breidd: 6,7 m Dýpt: 5,65 m  
Vél: Mitsubishi 478 kW, 1987  
Fjöldi skipverja: 7



Jóhanna©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. nóvember 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 15. maí 2017 var dragnótabáturinn Jóhanna ÁR 206 á siglingu innan hafnar í Þorlákshöfn. Veður: NV 6 m/s, sjólaust og gott skyggni.

Þegar verið var að leggja bátnum að austurbakka Svartskersbryggju ætlaði skipstjórinn að bakka en stjórnþökin virkuðu ekki og Jóhanna lenti á Öglu ÁR 79 sem lá þar utan á öðrum bát.

Talsvert tjón varð á stjórnborðshlið Öglu frá borðstokk og niður að sjólinu auk þess sem einhverjar skemmdir urðu á bakborðshlið.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipstjórinn var í afleysingum með bátinn og í sinni fyrstu ferð með hann;
- að skipstjórinn var vanur því frá öðrum bát að nota bæði olúgjöfina og skurðinn á skiptiskrúfu við beitun;
- að á þessum bát átti olúgjöfin að vera sú sama en bátnum beitt með skiptiskrúfu, ef olúgjöfin var notuð samhliða seinkaði það virkni hennar;
- að eftir ásiglinguna var Agla ekki hæfær vegna bolskemmda.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu en telur að þetta atvik sýni vel hversu mikilvægt er fyrir stjórnendur skipa að kynna sér vel stjórnþök þegar þeir taka við nýjum skipum.